

Fundargerð 525

Priðjudaginn 29. ágúst 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Bjarmanesi á Skagaströnd. Þessir stjórnarmenn voru á fundinum; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Karl Björnsson (KB), Lilja Björg Ágústsdóttir (LBÁ) varamaður (á Teams), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði, Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Haraldur Benediktsson og Jónína Björk Óskarsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 9:00 og lá eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum;

1. 6 mánaða uppgjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
2. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar
3. Ósk um framlengingu Brothættra byggða á Bakkafirði - til afgreiðslu
4. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Lánamál til stjórnar - til afgreiðslu
 - c. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu
5. Kynning á Aflamarki Byggðastofnunar
6. Ósk um framlengingu Aflamarks Byggðastofnunar á Breiðdalsvík - til afgreiðslu
7. Staðsetning, tímasetning og efni ársfundar 2024 - til afgreiðslu
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. 6 mánaða uppgjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2023, ýmsar sundurliðanir úr rekstri tímabilsins, fundargerð endurskoðunarnefndar og staðfestingarbréf stjórnenda.

MH kynnti árshlutauppgjörið. Hagnaður tímabilsins er 285 m.kr. Eignir nema 23,8 ma.kr., skuldir 19,8 ma.kr. og eigið fé er 3,9 ma.kr. Eiginfjárhlutfall í lok júní nam 20,94%.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME og HP.

Formaður bar árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir janúar - júní 2023 upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða og sendur í rafræna undirritun.

Ákveðið var að á næsta stjórnarfundi yrði rætt hvornig hægt væri að bregðast við vaxtahækkunum.

2. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs sem HP kynnti í fjarveru umsjónarmanns áhættustýringar.

Til máls tóku ÓH, AME, RÞG og MaH.

3. Ósk um framlengingu Brothættra byggða á Bakkafirði - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur bréf frá sveitarstjóra Langanesbyggðar dags. 18. apríl sl. þar sem óskað er eftir framlengingu verkefnisins Betri Bakkafjörður. Að auki liggja fyrir fundinum bréf frá Hverfisráði Bakkafjarðar frá 18. ágúst þar sem tekið er undir sjónarmið Langanesbyggðar og minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs sem SEP kynnti.

Í bréfunum kemur fram að það sé þess virði að framlengja verkefnið Betri Bakkafjörður um eitt ár, til loka árs 2024. Ýmis tækifæri séu til að ná enn frekari árangri með framlengingu, meðal annars vegna sameiningar sveitarfélaganna við Þistilfjörð og með stofnun Kistunnar atvinnu- og nýsköpunarseturs. Þá mun Langanesbyggð einnig gefast betra svigrúm á viðbótarári til að skipuleggja hvernig staðið skuli að eftirfylgni verkefna og utanumhald eftir að Byggðastofnun dregur sig í hlé.

Til máls tóku HKH, ÓH, RÞG, KB og SP.

Rætt var um kröfur sem stofnunin gerir á sveitarfélögin og búsetu verkefnastjóra í verkefnunum.

Formaður lagði til að verkefnið Betri Bakkafjörður verði framlengt um eitt ár, til ársloka 2024 og var það samþykkt samhljóða.

4. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefnda - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 22/23-30/23 sem HP kynnti.

b. Lánamál til stjórnar - til afgreiðslu

...

LBÁ vék af fundi.

c. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu

...

5. Kynning á aflamarki Byggðastofnunar

Fyrir fundinum liggur kynning á aflamarki Byggðastofnunar sem RR, SÁ og HÁ kynntu. SP óskaði að eftirfarandi yrði bókað:

„Fulltrúi Flokks fólksins bókar eftirfarandi athugasemd við kynningu á skýrslu um aflamark Byggðastofnunar:

Kynningin ber þess skýr merki að Byggðastofnun er að verja eigin samninga og verk sem hafa verið harðlega gagnrýnd m.a. út frá því að; afla hefur ekki verið landað í þeim byggðalögum sem hafa fengið úthlutun, Byggðastofnun hefur úthlutað aflamarki til byggðalaga þar sem engin fiskvinnsla fer fram nema þá kannski til málamynda, úthlutað hefur verið til fyrirtækja í eigu erlendra auðmanna, Byggðastofnun hefur úthlutað til útgerða sem komnar eru upp fyrir kvótaþakið, veiðiheimildum hefur verið úthlutað til fyrirtækja sem eru að hluta til í eigu Byggðastofnunar og að lokum þá má leiða getum að því að samningarnir sem Byggðastofnun hefur gert hafi orðið að söluvöru í viðskiptum fyrirtækja á milli.

Það skortir verulega á að fjallað sé um aðrar leiðir. Sem dæmi má nefna þá aðferð að bjóða upp aflaheimildir einu sinni í mánuði með þeim skilyrðum að þeim sé landað í

viðkomandi byggðalagi og afraksturinn renni til uppbyggingarsjóðs í viðkomandi byggðalagi.

Í öðru lagi þarf að ihuga að taka af vinnsluskyldu, en sumar af þeim byggðum sem sannarlega þurfa innspýtingu er ekki greiði gerður með uppsetningu á málamyndavinnslu, auk þess sem það myndi auðvelda Byggðastofnun eftirlit með samningum.“

AME ítrekaði það sem kom fram í kynningu starfsmanna og að þeim athugasemdum sem fram komi í bókun SP hafi verið svarað þar. Þá hafi forstjóri og formaður stjórnar ítrekað mikilvægi þess að athugasemdir um stjórnarsýslu stofnunarinnar þyrftu að koma fram með málefnalegum og rökstuddum hætti.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

6. Ósk um framlengingu aflamarks Byggðastofnunar á Breiðdalsvík - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð Aflamarksnefndar nr. 28 og minnisblað Reinhards Reynissonar og Péturs Friðjónssonar þar sem lagt er til að Byggðastofnun auglýsi eftir samstarfsaðilum um nýtingu á 400 þorskígildistonna aflamarki Byggðastofnunar á Breiðdalsvík til eins árs, þ.e. fyrir fiskveiðiárið 2023/2024 en um er að ræða sama magn og er í núgildandi samningi. Megin forsendan er sú að allir aðrir samningar stofnunarinnar eiga eitt ár eftir af gildistíma sínum og með þessari eins árs framlengingu stæðu öll byggðarlögin jafnfætis þegar kæmi að mögulegri endurnýjun samninga til lengri tíma.

Aflamarksnefnd samþykkti að leggja til við stjórn að stofnunin auglýsi eftir samstarfsaðilum um nýtingu á 400 þorskígildistonna aflamarki Byggðastofnunar á Breiðdalsvík til eins árs, þ.e. fyrir fiskveiðiárið 2023/2024.

Til máls tók SP.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

7. Staðsetning, tímasetning og efni ársfundar 2024 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um staðsetningu og efnistöð ársfundar Byggðastofnunar árið 2024 sem AME kynnti.

Lagt er til að næsti ársfundur Byggðastofnunar verði á Bolungarvík fimmtudaginn 3. maí 2024. Efni fundarins verði, umfram hefðbundin ávörp, erindi frá styrkþegum meistaranema og úr byggðarannsóknasjóði, erindi um mælaborð Byggðastofnunar á opinberum styrkjum og yfirferð á lánastarfsemi stofnunarinnar. Þá verði hugsanlega staðbundið erindi af Vestfjörðum.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og yfirlit um stöðu rekstrar 31. júlí sem SEP kynnti. SEP minnti stjórnarmenn á að skrá sig á 10 ára afmælishátíð Brothættra byggða á Raufarhöfn 5. október nk.

9. Önnur mál

SP óskaði eftir því að fá upplýsingar um hvaða stjórnarmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar hafa verið kallaðir í próf hjá Fjármálaeftirlitinu.

10. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 5. október nk. á Raufarhöfn.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:45
Magnús Helgason, fundarritari

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Karl Björnsson

Lilja Björg Ágústsdóttir

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson